



**Velferðarnefnd Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 26. október 2023

**Efni:** Umsögn Samhjálp, um tillögu til þingsályktunar um leyfisskyldu og eftirlit með áfangaheimilum. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 10 - 10. mál.

Samhjálp fagnar þeirri ályktun Alþingis að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að undirbúa lagasetningu um leyfisskyldu og eftirlit með rekstri áfangaheimila, skilgreiningu þeirra og hlutverk.

Tekið er undir það sem fram í greinargerð þeirri sem er tillögunni til stuðnings, að mikilvægt sé að starfsemi áfangaheimila hafi skýr markmið, hvert sem úrræðið er, og að til staðar séu fagleg, gagnreynd vinnubrögð og verkferlar sem stuðli að endurhæfingu. Það skal þó tekið fram að áfangaheimili eru ekki skilgreind sem endurhæfingarúrræði eins og sakir standa, ef frá er skilin orðskýring í lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016, eins og bent er á í téðri greinargerð.

Samhjálp leggur áherslu á mikilvægi þess að starfsemi áfangaheimila verði skilgreind sem endurhæfing og kröfur um þjónustu áfangaheimila verði miðaðar við þá skilgreiningu. Bent er á að sú starfsemi sem fram fer á áfangaheimilum Samhjálp, getur sannarlega talist endurhæfing í kjölfar langvarandi glímu við fíknisjúkdóma og tekur undir það sem fram kemur í greinargerð, að mikilvægt er að starfsemi áfangaheimila hafi skýr markmið og að til staðar séu fagleg, gagnreynd vinnubrögð og verkferlar sem stuðla að endurhæfingu. Það skal jafnframt tekið fram að slík markmið eru þegar til staðar á starfandi áfangaheimilum, þar sem faglegt starf er unnið af alúð. Áhrifanna gætir í lífum vaxandi hóps einstaklinga sem náð hafa langvarandi bata frá fíknisjúkdómum í kjölfar þess að hafa notið þjónustu áfangaheimila.

Þó er bent á að böggull fylgir skammrifi þar sem starfsemi áfangaheimila eru almennt skorður settar því fjármagn er af skornum skammti til úrræðanna og óljóst hver ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri þeirra. Þar kemur hvoru tveggja til, eins og bent er á í greinargerðinni, skörun á ábyrgð sveitarfélaga og ríkis þegar kemur að húsnæðisúrræðum. Þó má færa rök fyrir því að starfsemi áfangaheimila sé, að minnsta kosti í mörgum tilfellum, miklu meira en húsnæðisúrræði. Því er mikilvægt að starfsemin sé bæði vel skilgreind og fjármagn til reiðu til að þjónustan geti uppfyllt þau faglegu skilyrði sem fram skulu sett í fyrirhuguðu lagafrumvarpi.



Samhjálp bendir góðfúslega á að tekið verði til greina það sem vel er gert og byggt á þeirri reynslu sem þeir aðilar sem rekið hafa áfangaheimili til margra ára og jafnvel áratuga, búa að. Það eru fjölmörg dæmi þess að rekstur áfanga- og stuðningsheimila hafi gengið vel og geti verið til eftirbreytni fyrir aðra. Við nefnum dæmi um áfanga- og stuðningsheimili Samhjálp, sem rekin eru í nánú samstarfi við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Það er okkur bæði ljúft og skylt að miðla af þessarri reynslu en jafnframt að líta í eigin barm og læra af reynslu annarra. Samhjálp fagnar því fyrirhugaðri þarfagreiningu sem tekur tillit til þarfa mismunandi hópa en hvetur jafnframt til samtals og samráðs um málefni áfangaheimila.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Samhjálp,ar,

Edda Jónsdóttir framkvæmdastjóri, M.A. í mannréttindafræðum og ábyrgri stjórnun